

EDGAR RICE BURROUGHS OG STJÖRNULÍFFRÆÐIN

I

Rice Burroughs er það skáld amerískt, sem ég hefi mestar mætur á, og er það þó ekki fyrir Tarzansögurnar — en þær eru það sem drýgstar hafa orðið höfundinum til auðs og frægðar — heldur af því að hann hefir skrifað nokkrar sögur frá Mars, og enn fremur tvær sögur, sem eiga að gerast innan í jörðinni, en í raun réttri segja þó sömuleiðis tíðindi af annarri jarðstjörnu, og að vísu hinni ferlegustu, svo að þær eru í því efni jafnvel framar en Marssögurnar. En þær segja nú raunar alls ekki tíðindi frá jarðstjörnunni Mars, því að þar er engin mannabyggð, eftir því sem stjörnufræðingarnir segja oss af loftslagi þar og fýrisskorti.

En að ég hefi svo miklar mætur á þessum sögum, er vegna þess, að ég skil gjörla, að þær eru ekki eingöngu skáldskapur, heldur eiga að nokkru leyti upptök sín í samskonar athugunum og rit Swedenborgs „Um jarðstjörnurnar í alheimi“ (de telluribus in universo). Og hafa nú að vísu margir — og í þeirra tölu jafnvel maður eins og Camille Flammarion — haldið, að þar sé ekki um annað en hugarburð að ræða; en þó er það mikill misskilningur. Margir vottar voru að því, að hinn sænski spekingur sá, þar sem hann var staddur í Gautaborg, stórbruna í Stokkhólmi, og gat sagt mönnum tíðindi þaðan, sem fengust staðfest, þegar hraðboði kom frá Stokkhólmi og sagði brunafréttirnar. Og þessi innri sjón, er Swedenborg nefndi svo, er ámóta furðuleg, hvort heldur það sem menn sjá þannig, er í hundraða, þúsunda, eða milljóna kílómetra fjarlægð.

Rice Burroughs er nú óefað gæddur þessari innri sjón, og kemur þar til greina, að hann á heima í Kaliforníu, en þar er eitt af mestu opinberunarlöndum jarðarinnar, eða m.ö.o.,

auðveldara um samband við íbúa stjarnanna en í flestum öðrum stöðum.

II

Þó að Marssögur skáldsins geti ekki hafa gerst í voru sólhverfi, þá er mjög sennilegt, að þann veruleika sem sögur þessar byggjast á, sé að finna á stjörnu, sem í einhverju öðru sólhverfi svarar til þeirrar, sem vér nefnum Mars. En sólhverfi þau í alheimi sem líkjast voru, eru óefað mjög mörg, sum lengra komin en sum skemmra, á skyldri braut. Og ef vísindin væru hjá oss betur á veg komin en er, þá gætum vér haft örugga vitneskju af þessum skyldu viðburðarásum og mundi það skipta mjög miklu fyrir oss hér á jörðu og greiða t. d. fyrir skilningi á því, hversu nú er verið hér á glötunarvegi, og hin mesta nauðsyn á að taka aðra leið, ef ekki á hið hvíta mannkyn að lúta í lægra haldi, og útséð vera um, að hér á jörðu muni takast að ná því framfarastigi, sem nauðsynlegt er til að geta komist í samfélag hins sigursæla lífs í alheimi.

III

Þessar sögur Rice Burroughs sem hann lætur gerast innan í jörðinni, virðast ekki líkt því eins frægar og hinar, og eru þó engu ómerkilegri; heitir hin fyrri þeirra „At the Earths Core“ (Í hjarta jarðarinnar), og á ég það Jóhannesi Jósefs-syni að þakka að ég kynntist henni, en framhald þeirrar sögu heitir Pellucidar. Með því að láta sumar af sögum sínum gerast á Mars, en aðrar innan í jörðinni, minnir skáldið dáliðið á heimspekinginn Platón, sem í riti sínu Faidón segir frá neðanjarðar dvalarstað framlíðinna, en í Timaios frá sálum, sem eftir dauðann fara til annarra stjarna.

Það þarf vitanlega ekki að eyða að því orðum, að Pellucidar, eins og skáldið nefnir þennan heim sem hann lýsir í sögunum tveim, getur ekki verið innan í jörðinni; en þó má geta þess til gamans, að Pellucidar er eftir því sem hann sjálfur segir, álíka stór eða stærri en jörðin, og getur því ekki komist fyrir innan í henni. En stórfróðlegt er að veita því

eftirtekt, að Rice Burroughs er í þessum sögum sínum, án þess að honum hafi skilist það sjálfum, að lýsa jörð sem hefir fengið bundinn möndulsnúning, og snýr því alltaf sömu hliðinni að þeirri sól sem hún fylgir, er ljósheimur öðrumegin, en myrkheimur á hinni hlið. Fer því skáldinu þarna eins og ýmsum þeim sem best hafa lýst lífi framliðinna, svo sem Swedenborg, Farnese og J. S. M. Ward; en „andaheimurinn“, sem þessir höfundar eru að segja frá, er án þess að þeir hafi nokkra hugmynd um það sjálfir, jarðstjarna, björt á aðra hlið en svört á hina, sakir bundins möndulsnúnings. Og það er nú einmitt af því hvað þessar andaheimslysingar eru óvanalega góðar, sem hægt er að segja þetta með vissu. Og að svona er ástatt um innanjarðarsögur Rice Burroughs, er þá einnig mikilsverð bending um, að þær séu ekki án alls sambands við sannleikann. Þegar ég las í Pellucidar, s. 15, orðin „stationary midday sun“ (sól sem er alltaf í hádegisstað), fór mig að gruna hverskyns var, og varð forvitni á að sjá, hvað skáldinu mundi hafa orðið úr næturhliðinni, eða hvort alls ekki væri á hana minnst. Jú, þarna á Pellucidar er til það sem heitir „land hins ógurlega skugga“, „the land of the awful shade“. Þar sér aldrei sól, og myrkrið verður því svartara sem lengra kemur inn frá landamærunum. Gróðurinn á landi hins ógurlega skugga er gisinn, litarlaus og ferlegur, og er sjálfsagt um sveppagróður að ræða, svo að einnig þetta minnir á lýsingu framliðins á gróðrinum í myrkheimi „andaheimsins“. En þar er þeim mun betur að verið, að vér getum ekki einungis skilið, að þessi myrkheims skógartré sem frá er sagt, eru risavaxnir sveppir, heldur jafnvel ráðið í það hvar í fylkingu sveppanna þeir eiga heima. Og þar sem vér fáum að vita að sveppir þessir nærast á „sálum“ framliðinna (líkt og sumar jurtir hér á jörðu, á skorkvikindum) fáum vér einnig býsna fróðlega bendingu um, að þessar framliðnu sálir séu ekki án líkama (sjá Nýal).

IV

Á Pellucidar eru til ýmsar tegundir mannkyns, en þó er æðsta veran sem þar er, ekki maður heldur risavaxið

vængjað skriðdýr, sem skálđið nefnir Mahar. Hinir hrylli-legu Mahara fyrirlíta mjög mennina, sem standa þeim langt að baki, bæði um vit, vöxt og afl, og ráða yfir þeim af misk-unnarlausri grimmd. Mér virðist þó mjög líklegt, að þetta sé rangt hjá skáldinu, og að hin ráðandi vera á þessari ferlegu jörð, sem hann nefnir Pellucidar, sé ekki skriðdýr, heldur nokkurskonar skorkvikindi. Saga lífsins hér á jörðu, eins og jarðfræðin hefir kennt oss hana, sýnir, að skriðdýrsheilinn er mjög ólíklegur til að taka miklum framförum. Skriðdýr hafa hér á jörðu um langan aldur náð mjög miklum og margvíslegum þroska, og orðið svo risavaxin og jötunefld, að engin landdýr hafa komist í námunda við þau, ekki einu sinni hinn tröllaukni nashyrningur Baluchitherium, sem var 3 mannhæðir á herðakamb. En heilinn í hinum lygilega stórkostlegu skriðýrajötnum var alltaf örsmár, miðað við stærð þeirra. Aftur á móti eru nægilega greinilegar bindingar til um það, að skordýraheilinn geti náð mjög merkilegum þroska, og hjá býflugum og maurum má jafnvel segja, að samstarf og félagsmyndun hafi komist á hærra stig en hjá mönnunum. Það hefir orðið hinu æðra lífi hér á jörðu til láns, að skorkvikindin hafa verið svo smávaxin og ekki komist úr kútnum. En þó voru þau einu sinni að komast á þá þroskaleið, að líklegt er að þau hefðu orðið drottningar jarðarinnar en ekki mennirnir, ef ekki hefði sá þroski verið stöðvaður.

V

Þessar sögur Rice Burroughs greiða fyrir oss um skilning á því, hversu ferlegt muni vera lífið á mörgum af hinum ótölulegu jarðstjörnum alheimsins, og hversu mikið verk þeir hafa með höndum, sem vinna að því, að koma lífinu í alheimi í rétt horf. Og þær geta einnig verið oss nokkur hvöt til að hugleiða, hversu tæpt hefir staðið, að mannkyn gæti hér skapast og orðið hin ráðandi vera hnattarins. Og raunar er það ennþá aðeins orðið á mjög ófullkominn hátt, og horfurnar hafa verið miklar á því, að tilraunin til mannlífs gæti með öllu mistekist, og mannkynið farið sömu leiðina eins og

svo óteljandi margar líftegundir á umliðnum aldamilljónum. En úr þessu mun nú skorið verða á nokkurra áratuga eða jafnvel aðeins ára, fresti, þar sem nú er til það sem aldrei hefir verið til áður á þessari jörð, þekkingin á því, hvernig hverfa mætti af Helvegi.